

# Eystrahorn

28. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 20. ágúst 2020

www.eystrahorn.is

## ADHD við upptökur í Hafnarkirkju „Aldrei neinir tónleikar eins“

Blaðamaður fór og hitti hljómsveitina ADHD í Hafnarkirkju síðastliðinn laugardag en hún var þar við upptökur á sinni áttundu plötu. Hljómsveitin ADHD er velkunnug í jazz heiminum og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir tónlist sína. ADHD á rætur að rekja til Hornafjarðar, en bræðurnir Ómar og Óskar Guðjónssynir eru ættaðir héðan og hafa eytt töluverðum tíma hérna þótt þeir séu ekki fæddir og uppaldir hér. Tilurð hljómsveitarinnar er hægt að rekja til blúshátíðar á Hornafirði árið 2008. Þeir bræður settu saman hljómsveitina til að koma fram á hátíðinni, aðrir meðlimir eru Tómas Jónsson hljómborðsleikari og Magnús Trygvason Eliassen trommari. Þrátt fyrir tvískipt, frumsamið efni og svo jazz og blús standardar. “Ég vissi það í öðru lagi á þessum tónleikum að þetta væri hljómsveit sem gæti spilað hvar sem er í heiminum” sagði Óskar þegar hann var spurður út í upphafið á hljómsveitinni. Þeir gáfu svo út sína fyrstu plötu árið 2009 og unnu verðlaun sem besta jazz platan á Íslensku tónlistarverðlaununum það ár. Síðan þá hafa þeir spilað um allan



Ómar og Óskar Guðjónssynir, Tómas Jónsson og Magnús Trygvason Eliassen

heim þó mest í Evrópu. “Í fyrsta tónleikaferðalaginu okkar um Evrópu varð til ákveðið bræðralag sem við höfðum tekið okkur tíma í að halda utan um. Við erum enn að nota sama bílstjóran þegar við erum í Evrópu, hann Jörg. Þessi samvera breytti sambandi okkar, það varð nánara og samspilið miklu dýpra” segja

bræðurnir. Aðspurðir afhverju þeir hefðu valið Hafnarkirkju sem upptökustað segja þeir að það sé nauðsynlegt að getað farið og lokað sig af í upptökuferlinu. “Maður þarf að vera á stað þar sem enginn getur skotist í burtu í 2 daga” segir Tómas. “Það var alltaf planið að koma hingað á Höfn og taka upp, búið var að ákveða þetta í október í fyrra þannig Covid hafði ekkert með þetta gera” segja strákarnir. “Við bræður spiluum hérna við jarðarför ömmu okkar, hennar Lukku, þannig við vissum að

hvaða hljómburði við gengum.” segir Óskar. Þeir vilja meina að rýmið skipti miklu máli í þeirra tónlist og hafi mikil áhrif á hvernig samspil hljómsveitarinnar verður. “Þannig eru aldrei neinir tónleikar eins”. Ferlið er mjög mismunandi hjá þeim hvernig lögin verða til og eru tekin upp, en þeirra tónlist er öll tekin upp lifandi. Sum lögin þróast mikið í upptökuferlinu en önnur verða til án mikillar áreynslu. “Það skiptir miklu að niðurstaðan sé góð og að allir séu sáttir við sinn part. Oft snýst þetta um að ná sem bestri töku.” segir Ómar.

Framundan hjá hljómsveitinni er Evróputúr í nóvember og Iceland Airwaves tónlistarhátíðin ef aðstæður í heiminum leyfa.

### Ög hvað á nýja platan að heita ?

“Ég held að við værum að svikja sjálfa okkur ef við kölluðum þessa plötu ekki 8” segir Ómar.



Hér var verið að vinna að einu lagi, ræða hljóma og útsetningu



Tómas einbeittur við píanóið

## Aðalfundur

### Ferðamálafélags Austur Skaftafellssýslu

Verður haldinn fimmtudaginn 3. september, kl. 20:00 í Nýheimum.

#### Dagskrá.

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning stjórnar
- Umræður

Allir velkomnir. Atkvæðarétt hafa skráðir félagar sem greitt hafa félagsgjald. Hægt að skrá sig með að senda póst á [sindri@glaciertrips.is](mailto:sindri@glaciertrips.is)

Félagsgjöld greiðast á 0172-26 -004404  
kt: 430694-2869

12.500 kr. fyrir fyrirtæki og 2.500 kr. fyrir einstaklinga.  
2 atkvæði fylgja fyrirtæki og verða þá tveir aðilar að mæta frá fyrirtækinu á aðalfundinn. 1 atkvæði fyrir einstaklinga.

## ATVINNA

Óska eftir aðstoð við þrif á íbúð og sameign sem fylgir íbúðinni sem er rétt utan við Höfn. Um er að ræða u.þ.b. 10-20 klst. á mánuði.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband í netfang:

[turireynisdottir@hotmail.co.uk](mailto:turireynisdottir@hotmail.co.uk)

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA Kæru félagar F.e.H



Á stjórnarfund 11. ágúst s.l. var tekin sú ákvörðun í samráði við sóttvarnalækni Suðurlands að ekki verði farin dagsferð á vegum félagsins á þessu hausti vegna covid-19. Svona er staðan núna, því miður.

### Endilega munið tveggja metra regluna, handþvott og sprittun.

Kveðja frá stjórn Félags eldri Hornfirðinga



## Skotvopna- og veiðikortanámskeið

Til að öðlast réttindi til almennra skotveiða er farið á tvö námskeið, skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið. Skráning og nánari upplýsingar á [veidikort.is](http://veidikort.is).

**Veiðikortanámskeið á Höfn í Hornafirði** VERB KR. 14.900  
30. ágúst kl 17.00. í Húsi Björgunarsveitarinnar á Höfn.

**Skotvopnanámskeið á Höfn í Hornafirði** VERB KR. 27.000  
27. & 28. ágúst kl. 18:00 í Húsi Björgunarsveitarinnar á Höfn.  
Verklegur hluti á laugardaginn 29. ágúst. Staðsetning tilkynnt síðar.

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd a.m.k. tíu dögum fyrir námskeiðið á lögreglustöð í umdæmi lögheimilis umsækjanda. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útgefið vegna skotvopnaleyfis.

## Frá Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu

Innritun nýnema skólaárið 2020-2021 stendur yfir.

Síðasti umsóknardagur er mánudaginn 24. ágúst.

Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða [Hornafjordur.is](http://Hornafjordur.is) (Þjónusta, Tónskóli)

Þeir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa ekki að sækja aftur um.

**Skrifstofa skólans ásamt símatíma verður opin:**  
föstud. 21. ág. kl. 11.00-16.00 og  
þriðjud. 25. ág. kl. 10.00-13.00  
sími 470-8460

Nánari upplýsingar eru inni á heimasíðu skólans.

**[Hornafjordur.is](http://Hornafjordur.is) - þjónusta - tónskóli**

Einnig má senda fyrirspurnir á [tonskoli@hornafjordur.is](mailto:tonskoli@hornafjordur.is)

**Tónskóli**  
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Skólastjóri



## Breyttar áherslur í innheimtumálum hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 7. apríl síðastliðinn að taka upp samstarf við Motus um innheimtu gjalda sveitarfélagsins sem ekki greiðast á réttum tíma. Markmiðið með samstarfinu er að tryggja jafnræði meðal íbúa, halda kostnaði vegna innheimtu vanskilakrafna í lágmarki og tryggja hagkvæmni í rekstri. Framvegis mun því bætast á vanskilakröfur ítrekunargjald í samræmi við upphæð kröfunnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður skorar á þá sem eiga ógreidd gjöld að ganga frá þeim fyrir 1. september næstkomandi, en að þeim tíma liðnum mun Motus annast innheimtu kröfunnar. Hægt er að greiða kröfur í heimabanka eða hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins og semja um ógreidd gjöld.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litaprent

ISSN 1670-4126



# Matur, bjór og leir

Eystrahorn hafði samband við það kraftmikla unga fólk sem stendur að veitingastaðnum og leirvinnustofunni ÚPS en þau eru í óða önn að leggja lokahönd á staðinn og vonast til að geta opnað dyr sínar fyrir Hornfirðingum og gestum á allra næstu dögum, við báðum þau um að segja okkur aðeins frá þessari hugmynd sinni.

Í júní 2018 voru Birna og Toggi komin heim á Hornafjörð eftir að hafa dvalið í Reykjavík mánuðinn á undan, upptekin við að eignast börn. "Einhvern eftirmiðdaginn, á meðan litlu stelpurnar sváfu og stóra stelpa var úti að leika sér fengum við hugdettu. Eitt símtal við Elías og við ákváðum að við þyrftum að opna saman nýjan veitingastað og bar í þéttbýlinu á Höfn."

Spólum rúmt ár fram í tímann. "Rúmt ár af hugmyndavinnu og leit að hinu fullkomna húsnæði að baki. Allskonar vonbrigði, nær-uppgjafir og svartsýni - en studd áfram af okkar besta fólki gáfumst við ekki upp og loksins fóru hlutirnir að gerast.

Í stuttu máli skoðuðum við og keyptum gömlu efnalaugina. Hafnarbraut 34 - besta húsið í bænum, á besta staðnum í bænum, af frábæru fólki sem sannarlega hefur reynst okkur betri en enginn.

Hugmyndin fór að taka á sig endanlega mynd. Úps fór að verða til.

Af hverju Úps? Lífið er bara stundum þannig að áður en þú veist af er hugmynd sem verður til í spjalli bestu vina, þrátt fyrir að vera frekar framúrsteftuleg, einhvern veginn bara að raunveruleika. Og þú veist eiginlega ekki allveg hvað gerðist.

Úps! Allt í einu vorum við farin að saga hurðagöt og glugga og smíða vegg. Við fórum oft fram úr okkur eftir að hafa hugsað: hversu flókið getur þetta verið?. Stundum stóðum við og klóruðum okkur í höfðinu - "hvað nú?" Lausnin



Birna Jódís, Elías Tjörvi og Þorgrímur Tjörvi ásamt Ronju, Kötlur og Rökkva

var alltaf innan seilingar. Það kemur nefnilega svo vel í ljós hvað það er gott að búa í svona sveitarfélagi eins og okkar þegar á reynir. Hvert sem við leituðum var fólk boðið og búið til þess að veita okkur góð ráð og hjálp. Sumir voru óneitanlega oft spurðir og meira en aðrir (Takk Brói). Þegar þetta er skrifað er smotterið eftir og þó það er nefnilega kúnst að reka smiðshöggjó á verkið.

Úps verður veitingastaður sem á engan sinn líka í sveitarfélaginu Hornafirði og þótt víðar væri leitað. Úps verður veitingastaður með hóflegri álagningu, þar sem matur og drykkur kostar það sem hann þarf að kosta. Á Úps verður lögð sérstök áhersla á handverksbjór, fyrsta flokks kaffi og fjölbreyttan mat með áherslu á þarfir grænkeru. Í daglegum rekstri verður lögð áhersla á samfélagslega ábyrg innkaup og nær ruslfrián rekstur þar sem allt er endurnið og litlu hent.

Við hönnun á staðnum ákváðum við að leggja höfuðáherslu á endurnýtingu á byggingarefni og húsgögnum. Okkur langaði að endurnýta efni sem aðrir hafa hent, finna gömlum hlutum nýjan tilgang og nýta til fulls allt það byggingarefni sem var keypt nýtt.



Borðbúnaðurinn fyrir ÚPS, sem Birna hannaði og vann.

Ásamt því að vera veitingastaður og bjórbar er Úps leirvinnustofa og gallerí. Þar er unnin leir og leirlist undir merkjum Endemi sem seld verður á staðnum. Stór hluti borðbúnaðar okkar er búinn til á leirvinnustofunni og er því án hliðstæðu - heyr á endemi?

Tenging við nærumhverfið og samfélagið er okkur á Úps mjög mikilvæg. Til þess að hjálpa til við að skipa staðnum sess í daglegu lífi okkar Hornfirðinga ætlum við með haustinu að koma á legg ýmiskonar klúbba- og hópstarfsemi. Það vantar sannarlega ekki hugmyndirnar, en meðal þeirra eru hlaupa- og hjólaklúbbur. Bjórklúbbur og bruggklúbbur. Ásamt

hefðbundinni starfsemi langar okkur að nýta rými veitingastaðarins undir allskyns námskeiða- og fundahald hvort sem er að okkar eða ykkar frumkvæði. Við erum allveg viss um (eða allavega vonum innilega) að þið séuð svolítið spennt og að þið kikið til okkar í kaffi, takkó, bjór og spjall við tækifæri. Eitt er víst - við tökum vel á móti öllum og gerum okkar allra besta til þess að þetta ævintýri endist okkur og ykkur sem lengst. E.s. Við lofum að opna á allra næstu dögum.

Fh. hönd Úps:  
Birna Jódís Magnúsdóttir,  
Elías Tjörvi Halldórsson &  
Þorgrímur Tjörvi Halldórsson



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

## OLÍS HÖFN LEITAR AÐ STARFSMANNI TIL FRAMTÍÐARSTARFA

Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Þjónustustöðin okkar er líflegur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds.

**Helstu verkefni:**

- Almenn afgreiðsla
- Áfyllingar vöru
- Vörumóttaka
- Þrif
- Þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Umsækjendur þurfa að vera með þjónustulund, liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Áhugasamir sæki um á [www.olis.is](http://www.olis.is).



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn



# Við óskum eftir starfsmanni

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

## Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er 93,8%.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk.** Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

**Nánari upplýsingar:** Jóhanna Ásgeirsdóttir, [hofn@vinbudin.is](mailto:hofn@vinbudin.is) – 560 7889

og Thelma Kristín Snorradóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



# EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í NETTÓ!

Lambaleggir  
Grillmarinering

**985** KR/KG  
ÁÐUR: 1.699 KR/KG

-42%



GOÐI

-40%



-27%



Svið

**299** KR/KG  
ÁÐUR: 499 KR/KG



Kengúrufille

**3.284** KR/KG  
ÁÐUR: 4.499 KR/KG



-50%

Grísagrillsneiðar  
Kryddlegnar

**800** KR/KG  
ÁÐUR: 1.599 KR/KG



-50%

Lambaframpartssneiðar  
Kryddaðar

**1.300** KR/KG  
ÁÐUR: 2.599 KR/KG



-50%

Vínarbrauðslengja

**345** KR/STK  
ÁÐUR: 689 KR/STK



-20%

Humar án skeljar  
800 gr

**3.999** KR/PK  
ÁÐUR: 4.999 KR/PK



## HELGARSTEIKIN!



KJÖTSEL

Lambalærvöðvi  
Hvítlaukspipar marinering

**2.087** KR/KG  
ÁÐUR: 2.899 KR/KG

-28%

## Bændamarkaður NÝ ÍSLENSK UPPSKERA!



-25%

nettó

Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 20.–23. ágúst

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.